

**Nd.**

## **25. Frumvarp til laga**

um fódurmjölshirgðir, greiðslu flutningskostnaðar fódurmjöls o. fl.

Flm.: Þorsteinn Briem, Stefán Stefánsson.

### **1. gr.**

Atvinnumálaráðuneytið — landbúnaðarráðherra — skal gæta þess, að jafnan séu til í landinu nægar hirgðir innlands fódurmjöls samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

### **2. gr.**

Landbúnaðarráðherra leggur ár hvert fyrir stjórn sildarverksmiðja ríkisins að selja ekki úr landi það fódurmjöl, sem Búnaðarfélag Íslands telur þörf á innanlands, og annast verksmiðjurnar geymslu þess.

Skal mjölið vera 1. flokks vara til búpeningsfóðurs að dómi umboðsmanns Búnaðarfélags Íslands.

### **3. gr.**

Verði sildarverksmiðjur ríkisins að geyma fódurmjöl fram yfir áramót vegna laga þessara, endurgreiðir ríkissjóður verksmiðjunum vaxtatap, tryggingargjald og útborguð vinnulaun vegna geymslunnar, þannig að verksmiðjurnar séu skaðlausar af.

### **4. gr.**

Sildarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja fódurmjöl það, er í 2. gr. getur, komið í skip á verksmiðjuhöfn við kostnaðarverði, eftir því sem það verður nákvæmast áætlað á hverjum tíma. Aldrei má þó verð þess vera hærra en sem svarar hliðstæðu markaðsverði erlendis.

Er Búnaðarfélagi Íslands, eða umboðsmanni þess, heimill aðgangur að þeim gögnum verksmiðjanna, sem þurfa þykir til að komast að raun um, að kostnaðarverð sé svo nákvæmlega áætlað sem kostur er.

Verði verðbreytingar á fódurmjöli, sem verksmiðjurnar verða að hafa í sínum vörzlum til næsta árs vegna laga þessara, skal þess gætt við verðlagningu mjöls á því ári, að þær hafi hvorki ábata né skaða af.

Rísi ágreiningur milli stjórnar verksmiðjanna og Búnaðarfélags Íslands um verð fódurmjòls, leggur landbúnaðarráðherra þar á fullnaðarúrskurð.

Mjòlið skal jafnan greitt við móttöku.

5. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sildarverkmiðjum ríkisins sé eigi skylt að selja fódurmjòl við kostnaðarverði öðrum en fódurbirgðafélögum, búnaðarfélögum, sveitar- og bæjarfélögum og samvinnufélögum bænda.

Enginn, sem fengið hefir fódurmjòl samkvæmt lögum þessum, má láta það af hendi nema til notkunar innanlands.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja fódurmjòlið frá verksmiðjuhöfn til þeirra hafna, er skip Eimskipafélags Íslands, strandferðaskip ríkisins og fjarða- og flóabátar, er styrks njóta úr ríkissjóði, koma á.

7. gr.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands hættu á, að eigi komist nægar birgðir af innlendu fódurmjòli til einstakra héraða áður en samgöngur teppist af hafis, og er ráðherra þá heimilt, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfélög, að láta flytja mjòlið á þær hafnir, sem henta þykir.

Skulu þá sýslu- og bæjarfélög þau, er í hlut eiga, útvega tryggja geymslustaði fyrir mjòlið og annast varðveislu þess, ef þörf krefur.

Aukakostnað, er af þessu leiðir, greiði ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóður að hálfu hvor, að svo miklu leyti, sem eigi þykir fært að leggja hann á fódurmjòlið við sölu þess.

8. gr.

Nú vill fódurbirgðafélag, hreppur eða sýsla tryggja sér kornforða eða annað kjarnfóður með samningi við verzlun um að hún hafi tilteknað kjarnfódurbirgðir til ráðstöfunar fyrir samningsaðilja á tímabilinu frá 1. desember, eða áramótum, til maímánaðarloka, og greiðir ríkissjóður þá hálfan vaxta- og geymslukostnað þess hluta forðans, sem ekki þarf til að taka á greindum tíma, þó eigi meira en sem svarar 1 kr. fyrir hver 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans.

Samning og reikningsskil fyrir kostnaði og notkun forðans skal senda ráðuneytinu.

9. gr.

Ráðherra setur, í reglugerð ef þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru lög nr. 44 11. júlí 1911, um samþykktir um heyforðabúr, og lög nr. 73 14. nóv. 1917, um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs, úr gildi numin.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt. Fylgdi því þá þessi greinargerð:

Með lögum um fódurtryggingarsjóði var svo ákveðið, að ríkissjóður skyldi leggja fram allt að 75 þús. kr. árlega til fódurtryggingarsjóða.

Ekki er vitað, að neitt sýslu- eða bæjarfélag hafi gert samþykktir samkvæmt þeim lögum, og virðast því ekki líkur til, að þau lög komi til framkvæmda, og ná þau þá ekki tilgangi sínum, þó góður sé.

Með greindum lögum er ekki heldur séð fyrir því, sem telja verður höfuðatriði þessa máls, að tryggja það, að jafnan séu til í landinu þær kjarnfóðurtegundir, sem fyrst og fremst koma til álita og þjóðinni verða af viðskiptalegum ástæðum hagfelldastar, en það eru þær fóðurmjölstegundir, sem hægt er að afla innanlands. Það hefir oft sinnis komið fyrir, að skortur hefir orðið á innlendu fóðurmjöli, vegna sölu úr landi áður en til þurfti að taka, og hafa bændur þá orðið að kaupa í þess stað erlent fóður, meira en heppilegt var fyrir þá sjálfa og viðskiptajöfnuð landsins.

Er þess og skemmst að minnst, að setja varð skyndilög þegar á haustnóttum um að banna sölu fóðurmjöls úr landi og kaupa óhentugt fóðurmjöl af einkaverksmiðjum, vegna þess að sildarverksmiðjur ríkisins höfðu þegar selt sitt mjöl, sbr. bráðabirgðalög 26. sept. 1934.

Frv. þetta miðar í fyrsta lagi að því að tryggja, að jafnan séu til í landinu nægar birgðir af því fóðurmjöli, sem sjálfsagt er að nota svo sem kostur er.

Í öðru lagi miðar frv. að því að tryggja, að mjöl það, sem sildarverksmiðjur ríkisins selja til notkunar innanlands, sé 1. flokks vara til búpeningsfóðurs, en það fer sem kunnugt er ekki að öllu saman við 1. flokks gæði vörunnar til útflutnings.

Í þriðja lagi miðar frv. að því að tryggja bændum sem hagkvæmest fóðurkaup, með ákvæði um eftirlit af hálfu Búnaðarfélags Íslands um verðlag frá hendi verksmiðjanna, með ákvæðum um, að ríkissjóður greiði, verksmiðjunum að skaðlausu, vaxtatap og annan útborgaðan kostnað af geymslu mjölsins, og með heimild þeirri, sem veitt er ríkisstjórninni til að greiða úr ríkissjóði flutningsgjald á mjölinu frá verksmiðjuhöfn til viðkomustaða skipa Eimskipafélagsins, strandferðaskipa ríkisins og þeirra fjarða- og flóabáta, sem styrks njóta úr ríkissjóði til útgerðarinnar.

Að því er tekur til strandferðaskipa ríkisins ætti ekki að vera um teljandi kostnaðarauka að ræða, þó heimildin væri notuð. Oft mundi og mega haga svo ferðum varðbáta, að þeir gætu flutt nokkurt mjöl án sérstakra útgjalda. Og væntanlega gætu samningar tekizt við útgerð skipa og báta, er styrks njóta úr ríkissjóði, um mjög lágt flutningsgjald, ef ekki þætti fært að gera það að skilyrði fyrir styrk, að slík útgerð tæki að sér flutninginn aðeins gegn því að fá greiddan framlagðan aukakostnað. Að minnsta kosti mundi löggjafarvaldið eigi á annan kostnaðarminni hátt geta stutt bændur til að afla sér kjarnfóðurbirgða.

Kvöð sú, sem lögð er á sildarverksmiðjur ríkisins, að selja fóðurmjöl til notkunar innanlands með kostnaðarverði, getur á engan hátt talizt ósanngjörn, þegar litið er á þá aðstöðu, sem verksmiðjunum er veitt af hálfu hins opinbera, enda hefir þetta ákvæði verið áður í lögum. Hinsvegar þykir nauðsyn til tryggingar réttu verðlagi og til að koma í veg fyrir tortryggni, að veita Búnaðarfélag Íslands rétt til eftirlits svo sem segir í 4. gr. frv.

Þá eru í frv. ákvæði um heimild fyrir ríkisstjórnina til sérstakra ráðstafana, ef hætta þykir á, að fóðurmjölsbirgðir teppist inni á verksmiðjuhöfn af hafis, og þykir það eigi þurfa skýringa.

Loks eru tekin upp í frumvarp þetta ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu vaxta- og geymslukostnaðar þess korn- eða kjarnfóðurforða, er fóðurbirgðafélög, hreppar eða sýslur vilja tryggja sér. Er það hliðstætt við þau einu ákvæði gildandi laga um samþykktir um kornforðabúr, sem enn eru notuð svo kunnugt sé. En í greindum lögum, sem nú eru orðin 20 ára gömul, eru ýmis þau skilyrði, er krefjast óþarfa umstangs, og hefir torveldað það gagn, sem orðið hefði af ella. Þykir því rétt að breyta þessu til einfaldara fyrirkomulags, en hámarksákvæði um framlag ríkissjóðs eru hin sömu sem nú gilda.

Rétt þykir að nema jafnframt úr gildi lög um samþykktir um heyforðabúr, frá 1911, þar sem eigi er kunnugt um, að þau hafi verið notuð og eigi líkur til, að svo verði í framtíðinni. Hinsvegar er hér eigi lagt til, að numin verði úr gildi lög nr. 56 28. jan. 1935, um útflutning á sildarmjöli, með því að svo getur staðið á, að til þeirra þurfi að taka, þegar um mjög mikla fóðurmjölsþörf er að ræða.

Um kostnað af þeim ráðstöfunum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þykir nægja að vísa til þess, sem áður segir, um að eigi muni nema að litlu leyti þurfa til þeirra 75 þúsunda að taka, sem lög um fóðurtryggingarsjóði gera ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram árlega. Og þykir því rétt að nota þá upphæð, sem við það sparast, til þeirrar fóðurtryggingar, sem frv. gerir ráð fyrir. Þykir því ekki ástæða til sérstakrar fjáröflunar fyrir ríkissjóð, þótt frv. þetta verði að lögum.